

## Fundargerð 312. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi  
Fundardagur: Þriðjudagur 4. febrúar 2025  
Fundartími: 17:00-17:50  
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Sigrún Hrefna Arnardóttir  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 295, dags. 29.01.2025

#### a) Vatnsendi land L216103; Skógrækt 29 ha, Framkvæmdaleyfi – 2501044

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Vatnsenda lands L216103 í Flóahreppi. Sótt er um leyfi fyrir skógrækt á 29 ha svæði á þeim hluta lands sem skilgreint er sem landbúnaðarland.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu framkvæmdarinnar til aðliggjandi jarða.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna skógræktar á 29 ha svæði á Vatnsenda land L216103. Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna framkvæmd eigendum aðliggjandi jarða áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Austurvegur 69E L229186; Laugardælur land L206114; Stækkun lóðar – 2501050

Lögð er fram beiðni ásamt kaupsamningi dags. 17.12.2024 og merkjalýsingu dags. 12.11.2024, er varðar stofnun og stækkun lóða vegna makaskipta skv. meðfylgjandi gögnum. Óskað er eftir að stofna 279,9 fm lóð úr landeigninni Laugardælur land L206114 í Flóahreppi. Lóðin er stofnuð í þeim tilgangi að sameina við lóðina Austurvegur 69E L229186 í Árborg. Óskað er eftir að viðbótarlóðin verði skilgreind sem opið svæði.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun og stækkun viðkomandi lóðar skv. framlagðri merkjalýsingu auk skráningar á breyttri notkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið*

Sveitarstjórn bendir á að viðkomandi viðbótarlóð er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps og telur sveitarstjórn eðlilegt að viðbótarlóð verði með sér landnúmer innan sveitarfélagamarka Flóahrepps og verði afsalað sem slíkri. Ekki verði gerðar breytingar á sveitarfélagamörkum á milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps við stofnun viðkomandi lóðar. Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins vegna óljósra gagna er varðar málið og felur skipulagsfulltrúa að afla frekari gagna og vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### c) Hvítárbyggð; Frístundabyggð F22; Deiliskipulagstillaga – 2501073

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps, alls um 60 ha svæðis. Samhliða er unnið að óverulegri

breytingu aðalskipulags sem tekur til skilgreiningar landnotkunarreitsins innan lands L238531. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 50 frístundalóða á bilinu 9.600-17.800 fm að stærð, gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu innan hvernar lóðar innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt með fyrirvara um að flóttaleiðir innan svæðisins verði teknar til skoðunar. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar á óverulegri breytingu aðalskipulags sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 21. janúar 2025.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag þar sem flóttaleiðum innan svæðisins hefur verið bætt við ásamt slóðum vegna lagna frá borholu. Einnig hefur aðkomuvegi að lóðum nr. 73, 75, 77 og 79 verið bætt við. Sveitarstjórn samþykkir að framlögð deiliskipulagstillaga verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar á óverulegri breytingu aðalskipulags sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 21. janúar 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 219, dags. 22.01.2025**

Lagðar fram til kynningar.

**3. Erindi frá Herdísí L. Storgaard f.h. Miðstöðvar slysavarna barna**

Fyrir liggur erindi frá Herdísí L. Storgaard stofnanda Miðstöðvar slysavarna barna. Í erindinu er óskað eftir styrk að upphæð 50.000 kr til fjármögnunar námskeiðs um slysavarnir barna á rafrænu formi til að mæta þörfum foreldra og verðandi foreldra á landsbyggðinni sem og erlendra foreldra.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að styrkja verkefnið um 50.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Frá Rarik - ósk um að leggja malarveg að rofastöð**

Fyrir liggur erindi frá Rarik þar sem óskað er eftir leyfi sveitarfélagsins til að leggja malarveg upp að rofastöð sem staðsett verður við afleggjara Oddgeirshólavegs og hringvegs.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að lagður verði malarvegur upp að komandi rofastöð skv. framlögðum teikningum svo hægt verði að þjónusta rofastöð með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Hjólreiðaviðburður 21. júní 2025**

Fyrir liggur erindi frá formanni Reiðhjólabænda vegna hjólreiðaviðburðar 21. júní 2025. Í erindinu er óskað eftir leyfi sveitarfélagsins til að fara um Gaulverjabæjarveg (303), Villingaholtsgveg (304) í austurátt frá Stokkseyri og þaðan í norður um Urriðafossveg (305) meðfram Þjórsá að Þjóðvegi 1. Reiknað er með að þátttakendur fari um svæðið á milli kl. 4:00-6:00 að morgni. Áætlaður heildarfjöldi þátttakenda er um 100 manns.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita leyfi fyrir hjólreiðaviðburði innan Flóahrepps 21. júní 2025 með fyrirvara um að önnur nauðsynleg leyfi liggi fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Lánamál í dreifbýli hjá Landsbankanum**

Sveitarstjórn Flóahrepps vill koma á framfæri óánægju sinni varðandi lánamál í dreifbýli hjá Landsbankanum. Ljóst er að Landsbankinn hefur hafnað lánsveitingu íbúðarlána í Flóahreppi og víðar í dreifbýli í nágrennasveitarfélögum sem hefur haft neikvæð áhrif á íbúðarkaup og uppbyggingu. Landsbankinn hefur gefið þau svör að bankinn veiti almennt ekki íbúðalán vegna íbúðarhúsnæðis sem stendur á stökum íbúðarhúsalóðum í dreifbýli en að íbúðarhúsnæði

á bújörðum, með veði í viðkomandi bújörð, uppfylli skilyrði um íbúðalán hjá bankanum. Sömuleiðis gefur Landsbankinn þau svör að bankinn skoði og meti hvert tilvik fyrir sig og að meðal þess sem lagt sé mat á sé staðsetning, skipulagsmál og þjónusta, bæði á staðnum og af hálfu viðkomandi sveitarfélags.

Hlé var gert á fundi í 5 mínútur.

Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir þau vinnubrögð og þær reglur sem viðhafðar eru hjá Landsbankanum og telur að þau rök sem gefin eru standist ekki skoðun. Í Flóahreppi hefur virði eigna hækkað mikið undanfarin ár, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði á stökum íbúðarhúsalóðum eða íbúðarhúsnæði á bújörðum. Vegna nálægðar við stærsta þéttbýli Suðurlands er þjónusta við íbúa góð, innviðir í sveitarfélaginu eru sterkir og búsetuskilyrði öll hin bestu. Að mati sveitarstjórnar er Landsbankinn að gera einkaaðilum og sveitarfélögum málin erfið í þeirri miklu uppbyggingu sem hefur verið og er framundan á svæðinu. Varla þarf að benda á skort á fjölbreyttu húsnæði á landsvísu og er uppbygging á þessu svæði rökrétt með tilliti til nálægðar við þéttbýliskjarna, góðar samgöngur og innviði, skóla og aðra nauðsynlega þjónustu. Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur stjórnendur Landsbankans til að endurskoða reglur og verklag vegna lánsveitinga í dreifbýli á svæðinu og láta þannig af þeirri mismunun sem viðgengst vegna búsetu þegar kemur að fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir skriflegum viðbrögðum við bókun þessari innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessarar bókunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 7. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 311, dags. 21.01.2025
- b) Framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla nr. 6, dags. 27.01.2025  
Varðandi lið 1 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að senda fyrirspurn á nokkra aðila vegna vinnu við hönnun viðbyggingar við Flóaskóla ásamt gerð teikninga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að fá aðila til að sinna ráðgjöf vegna hönnunar og skipulags skólalóðarinnar sem byggir á gildandi deiliskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að fela umsjónarmanni fasteigna að fá verðtilboð frá nokkrum aðilum í að jarðvegsskipta og steypa körfuboltavöll þegar framtíðarstaðsetning liggur fyrir. Verðtilboð verði lögð fyrir sveitarstjórn og ákvörðun um framkvæmdir verði tekin í kjölfarið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi uppbyggingu skólalóðar og skólalóðarinnar felur sveitarstjórn sveitarstjóra að leita mögulegra styrkja í verkefnið.

- c) Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar nr. 9 dags. 31.01.2025  
Varðandi lið 2 í fundargerð þá gerir sveitarstjórn lítilsháttar breytingar á orðalagi í tillögum landbúnaðar- og atvinnumálanefndar og nokkrar viðbætur við þær aðgerðir sem nefndin lagði fram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla dags. 23.01.2025
- e) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 79, dags. 17.01.2025
- f) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 78, dags. 15.01.2025
- g) Stjórnar Bergisans bs. nr. 80, dags. 13.01.2025
- h) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 330, dags. 18.12.2024



i) Ársfundar Brákar íbúðafélags hses. dags. 15.01.2025

8. Efni til kynningar

- a) Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um mál nr. S-232-2024 og um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um rammaáætlun
- b) Frá SASS – Samráð við gerð nýrrar stefnu, rödd íbúa
- c) Bókun byggðaráðs Rangárþings ytra vegna sundkennslu
- d) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu – Framkvæmd sundkennslu á unglíngastigi í grunnskólum landsins
- e) Frá Listasafni Árneseinga – Boð á sýningaropnun
- f) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 18. febrúar kl. 17:00 í Þingborg og í beinu streymi.

Árni Eiríksson (sign)  
Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)  
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)  
Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir  
Sigrún Hrefna Arnardóttir.



## Fundargerð nr. 155 Fræðslunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 28. janúar 2025  
**Fundartími:** Krakkaborg 16:30-17:10  
Sameiginlegt 17:10-17:20  
Flóaskóli 17:20-18:30

**Fundarmenn:** Bjarni Stefánsson, formaður  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður  
Axel Páll Einarsson, ritari  
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður  
Sævar Örn Sigurvínsson, forfallaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla  
Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla  
Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar  
Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar  
Stefanía Ósk Benediktsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar, forfölluð

*Undir þessum lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sara Guðjónsdóttir og Helga Rut Hallgrímsdóttir.*

### 1. Krakkaborg

#### a) Fréttir af skólastarfinu.

Eitthvað er um veikindi hjá leikskólanum en það er ekkert sem þau ráða ekki við. Það hefur ekki þurft að virkja faliðunaráætlun ennþá en það hefur staðið tæpt í einhver skipti. Við vonum að febrúar sýni leikskólanum meira mildi.

Það er eitt og annað fram undan hjá leikskólanum, en þar má fyrst nefna Dagur leikskólans er þann 6.febrúar næst komandi en þá er öllum boðið að koma í heimsókn milli kl.15-16 og taka þátt í leik og starfi með leikskólanum. Þann sama dag verður boðið upp á þorrasmakk í hádeginu fyrir nemendur og hver veit nema að það verði til smá biti fyrir gesti að smakka líka. Kvenfélag Villingaholtshrepps gaf leikskólanum veglega peningagjöf sem eyrnamerkt er útileiktækjakaupum.

Skráningardagar eru líka á næsta leiti eða 17. og 18. febrúar og eru 14 nemendur skráðir og verður leikskólinn mannaður í samræmi við það. Starfsfólk er hvatt til að nýta orlof eða styttingardaga þessa tvo daga. Ef fáir starfsmenn nýta það verður þeim fundin verkefni innan leikskólans s.s í undirbúningi kennslu.

Þórdís Þormóðsdóttir hefur sagt upp stöðu sinni upp sem aðstoðarleikskólastjóri og verður það mál leyst tímabundið með að tilgreina staðgengil skólastjóra úr hópi starfsfólks. Þórdís heldur áfram sem sérkennslustjóri.

#### b) Innra mat

Krakkaborgar byggir á og miðast við:

- Mat nemenda í elsta hóp - broskallakönnun tekin í apríl
- Leikskólastjóri tekur þátt í leik og starfi og gefur endurmat eftir þörfum.



- Skólapúlsinn, starfsmannakönnun verður send út í febrúar og verður kynnt eftir að niðurstöður liggja fyrir ásamt úrbótaáætlun ef við á.
- Skólapúlsinn, könnun foreldra/forráðamanna er annað hvert ár og kynnt þegar niðurstöður liggja fyrir ásamt úrbótaáætlun ef við á.
- Stöðluð greiningartæki MMS á stöðu nemenda, Hljóm-2, Orðaskil og Íslenski málhljóðamælirinn
- Deildarstjórafundir, deildafundir, skipulagsdagar og teymisfundir eru vettvangur starfsmann til að gera mat og áætlanir.

Leikskólastjóri sér og heldur utan um upplýsingar og niðurstöður úr innra mati.

### c) Húsnæðismál

Skoðunarskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti síðan í desember, en fara verður í framkvæmdir, viðgerðir og bregðast við athugasemdum í eldhúsi. Leikskólastjóri hefur samvinnu við umsjónarmann fasteigna með lagfæringar.

*Fræðslunefnd hvetur sveitastjórnina að bregðast við þessum athugasemdum Heilbrigðiseftirlits og hjálpa Leikskólanum með þetta mál. Hugsanlega þarf að leita til Framkvæmdanefndar Flóahrepps ef um meira en lagfæringar er að ræða.*

### d) Skólastefna Flóahrepps

Rennur út á þessu ári og þarfnast endurskoðunar en ákvöðrun um það þýðir auka fundarsetur og mikla vinnu. Unnið verður eftir þessari stefnu út þetta ár en það verður að huga að þessu á árinu.

### e) Önnur mál

Engin önnur mál.

*Undir þessum lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sara Guðjónsdóttir, Helga Rut Hallgrímsdóttir, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel.*

## 2. Sameiginleg mál

### a) Sameiginlegt.

Nemandi í 9. bekk Flóaskóla hefur fengið leyfi til að stunda starfsnám í Krakkaborg. Starfsnámið er tilraunaverkefni og verður metið jöfnum höndum.

### b) Önnur mál.

Engin önnur mál.

*Undir þessum lið sátu: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel.*

## 3. Flóaskóli

### a) Fréttir af skólastarfinu.

Skólinn er að gera tilraunir með nýjung sem er þema verkefni sem felst í læsi á öllum stigum. Um er að ræða fjármálalæsi í 10. bekk, upplýsinga- og tölvulæsi í 5.-9. bekk og tæknilæsi á yngsta stigi. Stefnan er að taka fyrir eitthvað læsi á hverju ári.

Afmælishátíðin heppnaðist vel og nemendur lögðu á sig mikla vinnu við undirbúning og svo úrvinnslu gagna sem komu til vegna allskyns getrauna og prófa sem foreldrar reyndu við.

### b) Innra mat.



- Jafningjamat kennara/þroskabjálfa stendur til í apríl, kynnt í lok skólaárs
- Bekkjarfundir í öllum bekkjum og einstaklingsamtöl skólustjóra við nemendur á elsta stigi
- Mat nemenda, kannanir í febrúar / mars
- SVÓT greining starfsmanna að vori, kynning að hausti 2025 og unnið að úrbótum skólaárið 2025-2026
- Skólustjóra boðið í heimsóknir í kennslu, farið yfir helstu þætti leiðsagnarnáms og kennslustundina almennt eftir heimsókn
- Skólaláning fyrirhugað í mars, niðurstöður kynntar í apríl
- Skólaláningarsinn, könnun nemenda var í október, niðurstöður hafa verið kynntar fyrir skólaráði, starfsmönnum og fræðslunefnd, verður kynnt fyrir nemendum og foreldrum í febrúar/mars.
- Skólaláningarsinn, könnun foreldra/forráðamanna í febrúar, niðurstöður kynntar í apríl/maí
- Bravo Lesson, skólustjórnendur eru að fara á námskeið, fyrstu skref tekin á vorönn <https://www.bravo.earth/is/umokkur> hér er hlekkur á heimasíðu Bravo Earth ef þið viljið kynna ykkur málið.
- Stöðluð greiningartæki MMS á stöðu nemenda, Lesferill og Orðarún
- Betra þykir að taka einstaklings viðtöl við nemendur frekar en hópa því aðeins ber á feimni á milli nemenda. Skólustjórnendur Flóaskóla ætla að fara á Bravo námskeið nú í febrúar/mars sem er gott stjórnartæki fyrir kennara.

## c) Húsnæðismál

Fundur í Bygginganefnd var í gær í Flóaskóla og er verið að reyna koma hjólunum aftur af stað en fyrsti áfangi er að klárast. Ljúka þarf hönnun útisvæðis og í vor verður farið af stað í að klára skólalóðina, þ.e.a.s. færa tæki, setja rétt undirlag og endanlegt efni á velli. Veglegur og flottur kastali kemur og er það gjöf frá Sveitastjórn og Kvenfélagi Villingaholtshrepps. Þetta ár verður síðan notað til lokahönnunar á áfanga 2 sem er viðbygging við skólahúsið og stefnt að því að hefja framkvæmdir við þann áfanga árið 2026.

## d) Skólastefna Flóahrepps

Byggir ansi mikið á Heimsmarkmiðum Sameinuðupjóðanna fremur en okkar þörfum eða stefnu.

*Fræðslunefnd bendir sveitarstjórn Flóahrepps á að gott væri að við myndum setja okkur markmiðin sem samfélag, endurskoðun skólastefnu Flóahrepps í góðu samstarfi og reynum að vera tímanlega með nýtt plagg áður en árið er búíð.*

## e) Önnur mál.

Fræðslunefnd færði Flóaskóla blómvönd í tilefni af afmæli skólans sem haldið var uppá í síðustu viku.

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir  
Kt. 2005715179  
Dags. 13.2.2025 21:24:40  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Þórunn Jónasdóttir  
Kt. 2507643249  
Dags. 5.2.2025 19:49:31  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Catharina Marle Berta Krentel  
Kt. 1511904059  
Dags. 5.2.2025 12:59:17  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Helga Rut Hallgrímsdóttir  
Kt. 3005873649  
Dags. 5.2.2025 20:25:13  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Sara Guðjónsdóttir  
Kt. 1109862899  
Dags. 5.2.2025 13:04:43  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Bjarni Stefánsson  
Kt. 0312638249  
Dags. 9.2.2025 22:13:20  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Axel Páll Einarsson  
Kt. 0708872159  
Dags. 5.2.2025 13:13:37  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Hjalte Guðmundsson  
Kt. 2609694479  
Dags. 13.2.2025 13:53:37  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Íris Grétarsdóttir  
Kt. 2101783339  
Dags. 5.2.2025 13:44:58  
Ástæða: Undirritun



## Fundargerð nr. 30 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur  
Fundardagur: Þriðjudagur 10.02.2025  
Fundartími: 8:15-10:00  
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður  
Heimir Rafn Bjarkason  
Hjalti Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn undir liðum 1-3.

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Börkur Brynjarsson – staða verkefna

Börkur Brynjarsson ráðgjafi fór yfir stöðu helstu verkefna.

#### a) Vinnubúðir vegna Ölfusárbrúar.

Vinnubúðir lenda að stærstum hluta í Árborg fyrir utan lítið hús. ÞG verk voru búnir að sækja um vatnstengingu hjá Flóahreppi.

*Berki Brynjarssyni ásamt sveitarstjóra falið að ræða við Árborg um málið. Ef sveitarfélagið Árborg gerir ekki athugasemdir við að vinnubúðir verði að öllu leiti tengdar vatnsveitu Flóahrepps verktaka þá verði gerður samningur við verktaka um að ÞG verk greiði raunkostnað fyrir tengingu við vatnsveituna og að notkun verði greidd skv. mæli. Í samningi komi fram að frágangur að verki loknu og allur annar kostnaður sem snýr vatnsveitunni vegna vinnubúðanna verði greiddur af verktaka.*

#### b) Gæðahandbók vatnsveitunnar.

Handbókin verður klár til yfirlstrar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í lok þessarar viku.

#### c) Kortagrunnur vatnsveitu.

Jón Valgeir Geirsson verktaki í vatnsveitunni hefur þegar hitt starfsmann Eflu til að fara yfir þekktar lagnir og lagnaleiðir. Steinn Þórarinsson verktaki í vatnsveitunni hittir starfsmann Eflu miðvikudaginn 12. febrúar. Þessi leið er að skila miklu magni upplýsinga um lagnir sem ekki eru innmældar.

*Börkur Brynjarsson kynni stöðu á kortagrunni vatnsveitu á næsta fundi nefndar.*

#### d) Dæluhús við Uppsali

Verið að bíða eftir landnúmeri fyrir dæluhús í Uppsölum en það vantar undirskrift landeiganda á merkjalýsingu. Sótt um heimtaugina þegar landnúmer er komið og þá verður einnig hægt að senda inn byggingarnefndarteikningarnar. Búið að kaupa tölvu fyrir eftirlitskerfið. Dælan fyrir nýja dæluhúsið er komin.

*Sveitarstjóri mun heyra í landeiganda vegna merkjalýsingar.*

#### e) Huldu- og Maríuhólar

Ólafsvellir hafa tök á að ganga frá viðbótinni sem þarf til að tengja Huldu og Maríuhóla við stofninn upp með Skeiðavegi.

*Berki falið að ganga frá því máli við Ólafsvelli.*

#### f) Framkvæmdir ársins í vatnsveitunni

Sveitarstjóri hefur sent upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir í vatnsveituna á verktaka í vatnsveitu.



*Berki Brynjarssyni falið að funda með Jóni Valgeiri og Steini verktökum í vatnsveitu um framkvæmdir ársins fyrir næsta fund nefndar. Tímasetja þarf verkefnin, ákveða röðina á þeim og hver sé ábyrgur fyrir hverju. Börkur skili yfirliti/samantekt eftir þann fund til nefndarinnar tímanlega fyrir næsta fund nefndar.*

*Einnig rætt um að fá Ólafsvelli til að vera í samstarfi við okkur ef verkefnin rúmast ekki hjá okkar verktökum.*

*Nefndin leggur áherslu á að ljósleiðararör séu ávallt lögð með nýjum vatnslögnum.*

## 2. Breytingar í Þingborg – staða mála frá síðasta fundi

Sveitarstjóri hefur fengið Sigurð Unnar Sigurðsson til að taka að sér að hanna og teikna breytingar á salnum í Þingborg. Stóð til að funda í síðustu viku en sá fundur frestaðist vegna veðurs. Einnig verður Sigurður Unnar fenginn til þess að hanna og teikna breytingar á salernum í Þjórsárverri sem er fyrirhugað að framkvæma í sumar.

*Skoða þarf hvort bjóða eigi út framkvæmdirnar í Þingborg allar í einu eða búa niður í smærri verkþætti og gera þá verðkönnun fyrir hvern verkþátt.*

## 3. Þingborgarsvæðið

### a) Farið var yfir kostnaðaráætlun frá Eflu verkfræðistofu.

Rætt um fráveitumálin fyrir íbúðarbyggðina. Að mati nefndarinnar stýra fráveitumálin að miklu leiti hvernig áfangaskiptingu verður háttað. Allt svæðið verði hannað þó í einu m.t.t. hönnunar lagna og veitna. Gert verði ráð fyrir malbikuðum götum en að gatnagerð haldist í hendur við áfangaskiptingu og götur teknar áfram eftir því sem uppbyggingu vindur fram. Nefndin leggur til að skoðað verði að úthluta 12-16 íbúðum í fyrsta áfanga.

Rætt um mismunandi möguleika í fráveitumálum svo sem skalanlega hreinsistöð og demanta fyrir ákveðið margar persónueiningar. Nefndarmenn sammála um að staðsetning hreinsistöðvar eða demanta verði þar sem það er skilgreint í dag í deiliskipulagi.

*Sveitarstjóri heyrir aftur í stjórn Hitaveitu Hraungerðishrepps varðandi mögulega aðkomu þeirra vegna hitaveitu fyrir svæðið en búið er að halda einn fund vegna málsins með stjórn hitaveitunnar.*

*Sveitarstjóri og ráðgjafi munu taka samtal við Eflu um stöðu og áframhald á hönnun svæðisins en klára þarf heildarhönnun fyrir svæðið. Lögð er áhersla á að gatnahönnun og fráveituhönnun takið mið af jarðfræði- og sprungukönnun sem unnin var fyrir svæðið haustið 2023.*

*Sveitarstjóri fylgi málum eftir varðandi lóðastofnun á Þingborgarsvæðinu við skipulagsfulltrúa.*

### b) Úthlutunarreglur

*Samþykkt að taka fyrir á næsta fundi nefndar. Sveitarstjóri setji upp drög að reglum sem framkvæmda- og veitunefnd fer yfir og sendir svo til sveitarstjórnar.*

## 4. Til kynningar:

### a) Yfirlit fyrir helstu skipulagsmál sem hafa verið samþykkt af sveitarstjórn

Nefndin sammála um að gott sé að halda utanum ný skipulagsmál og uppfæra yfirlitið reglulega.

### b) Fundargerð framkvæmda- og byggingarnefndar nr. 6

Sveitarstjóri hefur óskað eftir verðtilboðum í ráðgjöf vegna framtíðarskipulags og hönnunar skólalóðar. Fyrirspurn send á fjóra aðila 10.02.2025.

### c) Fundargerð framkvæmda- og veitunefndar nr. 29

### d) Bókun sveitarstjórnar vegna starfsmanns / verkefnastjóra verklegra framkvæmda

# FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

---



Ekki gerðar athugasemdir við drög að auglýsingu. Sveitarstjóri mun bera drög að auglýsingu undir sveitarstjórn. Hafa þarf í huga að starfið þarf að vera í mótun enda um nýtt starf hjá sveitarfélaginu að ræða.

## 5. Önnur mál

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 11. mars kl. 8:15 í Þingborg.

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*

# 81. stjórnarfundur Bergrisans bs.

27.1.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eggert Valur Guðmundsson.  
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.  
Gestur undir lið 1 var Ellý Þorsteinsdóttir frá EAP ráðgjöf.

## Dagskrá

### 1. Gæðaeftirlit – Kynning frá EAP ráðgjöf

Stjórn Bergrisans hefur staðið að úttekt á gæðum þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins. Ellý Þorsteinsdóttir frá EAP ráðgjöf kynnir niðurstöður gæðaeftirlitsins. Staða mála er í meðallagi miðað við landsvísu en ljóst er að bæta má úr eftirfylgni á úrvinnslu úrbóta.

### 2. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 186. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

#### 2.a. Erindi um aukningu á fjölda tíma í NPA samningi - 101760

Sótt er um aukningu á NPA-samningi fyrir einstakling með auðkennisnúmer 101760 um 52 stundir til viðbótar á mánuði. Gildandi samningur er 480 klst. á mánuði en óskað er eftir 532 klst. Miðað við tímagjald sólahringssamninga NPA fyrir árið 2025 verður heildarkostnaður við samninginn 56.409.024 kr. og er það kostnaðarauki um 5.513.664 kr. á ári og leggur þjónusturáð til að umsóknin verði samþykkt.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir umsóknina.

### 3. Verkáætlun 2025

Verkefnastjóri kynnir tímaáætlun fyrir helstu áherslur í starfi Bergrisans árið 2025.

### 4. Beiðni frá Sólheimum

Lögð er fram beiðni frá Sólheimum um aukningu á framlagi árið 2025 umfram samning.

Stjórn frestar afgreiðslu og vísar málinu til frekari vinnslu hjá starfsfólki Bergrisans.

Ása Valdís Árnadóttir vísar af fundi.

## 5. Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks

Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs er heimilt að úthluta allt að 415 mkr í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði framkvæmda á árinu 2024. Fasteignasjóður hefur sett viðmið um dreifingu fjármagnsins og er áætlað að Suðurland fái allt að 39.740.944 úthlutað. Er þjónustusvæðum gert að standa saman að umsóknum vegna verkefnisins og óskaði Bergrisinn eftir umsóknum frá aðildarsveitarfélögum árið 2024 og samþykkti alls 25.478.687 kr. til verkefna hjá Hrunamannahreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Skaftárhreppi og Rangárþingi eystra. Þá fengu Hveragerðisbær og Bláskógabyggð beina styrki frá fasteignasjóði, samtals að upphæð 6.485.553 kr. Var ákveðið að óska eftir frekari umsóknum til að reyna að fullnýta styrkinn, en eftirstöðvar eru samtals 7.776.704 kr. Eftirfarandi viðbótarumsóknir bárust:

- Grímsnes- og Grafningshreppur - nýtt undirlag á skólalóð. Heildarkostnaður: 28.379.057. 50% styrkur: 14.189.528.

- Mýrdalshreppur - stigalyfta á Hjallatúni. Heildarkostnaður: 3.712.354. 50% styrkur: 1.856.177.

- Skeiða- og Gnúpverjahreppur - bætt aðgengi að sundlaug og líkamsrækt. Heildarkostnaður: 13.219.000. 50% styrkur: 6.609.500.

Samtals er því sótt um styrki að upphæð 22.655.205.

Stjórn samþykkir að leggja til við Fasteignasjóð að flötum niðurskurði sé beitt þar sem upphæðir sem sótt er um fara umfram eftirstöðvar. eru allir styrkir því skertir um 65,68% og er niðurstaðan eftirfarandi:

- Grímsnes- og Grafningshreppur: 4.869.846 kr.

- Mýrdalshreppur: 637.040 kr.

- Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 2.268.380 kr.

Samtals 7.775.266 kr.


## 6. Önnur mál

Vinnufundur stjórnar var haldinn 13. janúar og tókst vel.

Fundi slitið klukkan 14:23.


## Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir




Undirritað af:  
Ása Valdís Árnadóttir  
3004825119  
Dags: 30.01.2025  
Tími: 13:00:53  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 13e45351-  
291e-4410-a968-  
08f175264005

Elliði Vignisson




Undirritað af:  
Elliði Vignisson  
2804695649  
Dags: 06.02.2025  
Tími: 12:22:59  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 13e45351-  
291e-4410-a968-  
08f175264005

Sandra Sigurðardóttir




Undirritað af:  
Sandra Sigurðardóttir  
0602834949  
Dags: 30.01.2025  
Tími: 12:52:28  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 13e45351-  
291e-4410-a968-  
08f175264005

Bragi Bjarnason



Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 02.02.2025  
Tími: 16:16:33  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 13e45351-  
291e-4410-a968-  
08f175264005

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:  
Eggert Valur  
Guðmundsson  
1508633179  
Dags: 30.01.2025  
Tími: 19:16:52  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 13e45351-  
291e-4410-a968-  
08f175264005

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Anton Kári Halldórsson

Kt. 0306225539

Dags. 30.1.2025 22:27:44

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Sandra Sigurðardóttir

Kt. 0602234949

Dags. 31.1.2025 03:50:59

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Arnar Freyr Ólafsson

Kt. 2412735719

Dags. 3.2.2025 16:25:51

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Brynhildur Jónsdóttir

Kt. 0907592969

Dags. 30.1.2025 22:28:05

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Kt. 2804323297

Dags. 31.1.2025 09:18:30

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Helga Jóhanna Harðardóttir

Kt. 0910043119

Dags. 30.1.2025 23:01:05

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Jóhannes Gissurarson

Kt. 1609625429

Dags. 1.2.2025 00:43:01

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Gauti Árnason

Kt. 0609729619

Dags. 31.1.2025 06:53:11

Ástæða: Undirritun

**RAFÆNT UNDIRRITAD**

Arnheiður

Kt. 0609625429

Dags. 3.2.2025 16:25:51

Ástæða: Undirritun



# 618. fundur stjórnar SASS

Haldinn í fjarfundi á Teams

24. janúar 2025, kl. 12:30 – 14:00

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Gauti Árnason og Helga Jóhanna Harðardóttir. Arnar Freyr Ólafsson kom til fundar undir dagskrárlíð 7 og til loka fundarins.

Anton Kári Halldórsson ritaði fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

## 1. Innra starf SASS – Upplýsingar um stöðu mála

Formaður fór yfir stöðuna varðandi innra starf SASS undanfarin misseri. Talsverðar umræður sköpuðust um hlutverk og tilgang SASS og hvort æskilegt væri að nýta tækifærið og rýna þörf á breytingum á fyrirkomulagi samtakanna, þeim til góðs. Formanni falið að boða til upplýsingafundar með stjórn SASS, bæjar- og sveitarstjórum og oddvitum aðildarsveitarfélaga sem fyrst.

## 2. Samningur við Auðnast – Ráðgjöf og eftirfylgni áhættumats

Stjórn felur formanni að ganga til samninga við Auðnast um ráðgjöf, handleiðslu og eftirfylgni áhættumats byggt á fyrirliggjandi gögnum og í samræmi við umræður á fundinum.

## 3. Ráðning framkvæmdastjóra SASS

Stjórn felur formanni að hefja undirbúning á ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Óskað verði eftir tilboðum frá ráðningarskrifstofum til að halda utan um ráðningarferlið. Stjórn leggur jafnframt til að áherslur vegna auglýsingar starfsins verði ræddar á upplýsingafundi með sveitarstjórum og oddvitum aðildarsveitarfélaga.

## 4. Samningur um sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029

Stjórn samþykkir samninginn og felur formanni að undirrita hann fyrir hönd SASS. Formleg undirritun fer fram þann 28. janúar 2025.

## 5. Skipan í stjórn Orkídeu

Þar til að nýr framkvæmdastjóri SASS verður ráðinn til starfa, samþykkir stjórn að eftirfarandi aðilar verði tilnefndir í stjórn Orkídeu, Árni Eiríksson sem aðalmaður og Brynhildur Jónsdóttir sem varamaður

## 6. Staðfesting á stjórn SASS



Stjórn SASS staðfestir eftirfarandi aðal- og varamenn í stjórn samtakana sem tilnefndir voru og samþykktir á aðalfundi þann 31. október 2024.

**Aðalmenn:**

Gauti Árnason, Sveitarfélagið Hornafjörður  
Jóhannes Gissurarson, Skaftárhreppur  
Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra  
Helga Jóhanna Harðardóttir, Vestmannaeyjabær  
Árni Erikkson, Flóahreppur  
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg  
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær  
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

**Varamenn:**

Eyrún Fríða Árnadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður  
Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppur  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra  
Eypór Harðarson, Vestmannaeyjabær  
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur  
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg  
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Halldór Benjamín Hreinsson, Hveragerðisbær  
Erla Sif Markúrsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Fromaður: Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra

Varaformaður: Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær

**7. Ákvörðun um prókúru SASS**

Stjórn samþykkir að veita formanni, Antoni Kára Halldórssyni prókúru fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

**8. Breikkun Hringvegarins Selfoss-Þjórsá**

Lagt fram til kynningar erindi Vegagerðarinnar þar sem SASS er tilkynnt um að hafin sé vinna við undirbúning á breikkun Hringvegarins Selfoss-Þjórsá sem er á þingsályktunartillögu að samgönguáætlun. Stjórn SASS fagnar því að umrædd framkvæmd sé komin á dagskrá, en framkvæmdin var jafnframt ein af ályktunum sem gerðar voru á ársþingi samtakanna sl. haust. Stjórn SASS hvetur framkvæmdaaðila til að huga að umferðaröyggi eftir fremsta megni við hönnun gatnamóta við umferðarþunga vegi. Í ljósi tíðra slysa undanfarin misseri er ljóst að gera þarf mikla bragabót við mörg gatnamót t.d. með gerð hringtorga eða mislægra gatnamóta.



## 9. Önnur mál

Rætt um fundarplan stjórnar. Formanni falið að boða fundi samkvæmt fundaplani sem áður hefur verið samþykkt.

Rætt um stöðuna á ráðningu farsældarfulltrúa. Formanni falið að afla upplýsinga og koma málinu áfram í farveg.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

Anton Kári Halldórsson

Árni Eiríksson

Brynhildur Jónsdóttir

Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Gauti Árnason

Helga Jóhanna Harðardóttir

Arnar Freyr Ólafsson

# Fundargerð 960. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 13. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Berjaya Reykjavík Marina Hotel.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerðir 955., 956., 957., 958. og 959. fundar - 2309033SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 955., 956., 957., 958. og 959. fundar stjórnar Sambandsins frá 15., 20., 22. og 24. og 29. nóvember 2024, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 100. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 4. nóvember 2024.

**3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 32. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 20. nóvember 2024.

**4. Fræðslumálanefnd Sambandsins - 2210009SA**

Lagðar fram fundargerðir 156. og 157. fundar fræðslumálanefndar Sambandsins frá 12. september og 30. október 2024.

**5. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 47. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 19. nóvember 2024.

**6. Afmæli Sambandsins - 2401027SA**

Rætt um afmæli Sambandsins á næsta ári.

Samþykkt að tilnefna Heiðu, Halldór Halldórsson og Aldísi Hafsteinsdóttur í stýrihóp um 80 ára afmæli Sambandsins.

**7. Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í desember 2024. Fram kom í máli hennar að samtalið við KÍ hafi gengið vel seinustu vikur og að góður gangur sé í viðræðunum.

*Stjórn fagnar því að samtal við KÍ hafi gengið vel undanfarið og að góður gangur sé í viðræðunum. Mikilvægt að er að nýta vel þann tíma sem er framundan til að ná sátt.*

**8. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Verkalýðsfélagsins Hlífar, Samiðnar vegna Strætó, Félagssráðgjafafélags Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Proskapjálfafélags Íslands, Iðjubjálfafélags Íslands og Sálfræðingafélags Íslands, dags. 21. og 26., 28. og 29. nóvember og 4. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamninga við Verkalýðsfélagið Hlíf, Samiðn vegna Strætó, Félagssráðgjafafélag Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Proskapjálfafélags Íslands, Iðjubjálfafélags Íslands og Sálfræðingafélags Íslands.*

**9. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025 - 2411024SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

*Stjórn Sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Breytingar á fjárhagsáætlun yfir árið verða lagðar fyrir stjórn.*

**10. Tillaga að fulltrúum í mennta- og velferðarnefnd Sambandsins og erindisbréf - 2412009SA**

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur Samband íslenskra sveitarfélaga farið í allsherjar endurskoðun og endurskipulagningu á innra starfi og starfsemi með það að augnamiði að skerpa framtíðarsýn, frumkvæði, hagsmunagæslu og samstarf innan sveitarstjórnarstigsins. Þann 1. desember 2023 tók gildi nýtt skipurit og nú 1. Janúar 2025 tekur til gildi nýtt skipulag fastanefnda Sambandsins. Fastanefnd er fagnefnd Sambandsins í þeim málefnum sem undir nefndina falla og vísar til stjórnar þeim álitamálum sem skera þarf úr um.

Megintilgangur breytinga fastanefnda er að efla samráð við kjörna fulltrúa og sérfræðinga sem starfa hjá sveitarfélögum. Fastanefndir starfi í samræmi við teymi sambandsins og að þannig verði tryggt að allir málaflokkar fái góða umfjöllun. Til að styrkja samráð er stjórnarmaður formaður í hverri nefnd og teymisstjóri starfsmaður nefndarinnar.

Breytingarnar hafa það í för með sér að eldri nefndir eru lagðar niður og skipað í nýjar frá og með 1. janúar 2025. Stjórn Sambandsins vill við það

tækifæri þakka fráfarandi fulltrúum í nefndunum kærlega fyrir sín störf fyrir Sambandið og þeirra verðmæta framlag til sveitarstjórnarstigsins. Lögð fram tillaga að fulltrúum í menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar. Jafnframt samþykktir stjórn tillögu að fulltrúum í nefndina og felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við viðkomandi einstaklingar um setu í nefndinni.*

**11. Tillaga að fulltrúum í umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins og erindisbréf - 2412010SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar. Jafnframt samþykktir stjórn tillögu að fulltrúum í nefndina og felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við viðkomandi einstaklingar um setu í nefndinni.*

**12. Tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd Sambandsins og erindisbréf - 2210010SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar. Jafnframt samþykktir stjórn tillögu að fulltrúum í nefndina og felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við viðkomandi einstaklingar um setu í nefndinni.*

**13. Tillaga að fulltrúum í stafrænt ráð sveitarfélaga og erindisbréf - 2009664SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í stafrænt ráð sveitarfélaga 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi ráðsins.

*Stjórn samþykkir erindisbréf ráðsins og að tilnefna Frey Antonsson í ráðið. Aðrir fulltrúar í ráðinu eru tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og haldast óbreyttir.*

**14. Breyting á fjármálareglum sveitarfélaga - 2408012SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs Sambandsins, dags. 9. desember 2024, vegna umsagnar um breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er varðar fjármálareglur sveitarfélaga.

**15. Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2410022SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2024, þar sem Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Valgerður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, eru tilnefndar í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks 2024-2028.

16. **Tilnefning í starfshóp um sviðsmyndagreiningar um íbúðapörf - 2411004SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2024, þar sem Saga Guðmundsdóttir, aðalhafnysfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um sviðsmyndagreiningar um íbúðapörf.
17. **Tilnefning í fagráð siglingamála - 2410013SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2024, þar sem Gísli Jóhann Halldórsson, yfirhafnysgumaður hjá Faxaflóahöfnum, er tilnefndur sem aðalmaður í fagráð siglingamála og Dóra Björk Gunnarsdóttir, hafnarstjóri í Vestmannaeyjum, til vara.
18. **Tilnefning varamanns í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2410022SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2024, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem varamaður í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.
19. **Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga - 2410011SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 9. október 2024, um frumvarp til sóttvarnalaga, 231. mál.
20. **Umsögn um aðgerðaáætlun um gervigreind - 2411017SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2024, um aðgerðaráætlun um gervigreind 2024-2026, mál nr. S-223/2024.
21. **Umsögn um skýrslu um Kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslenski samhengi - 2412004SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. desember 2024, um skýrslu um Kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi, mál nr. S-231/2024.

Guðmundur Ari Sigurjónsson tilkynnti að hann væri að sitja sinn seinasta fund þar sem hann er að taka sæti á Alþingi og hætta sem bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi. Þakkaði hann fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf seinustu árin. Annað stjórnarfolk þakkaði Guðmundi Ara kærlega fyrir samstarfið.

Í lok fundar óskaði formaður stjórnarfólki og starfsfólki gleðilegrar hátíðar.

Fundi var slitið kl. 13:50

# Fundargerð 961. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 17. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólög A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Valur Rafn Halldórsson, Bjarni Ómar Haraldsson, Saga Guðmundsdóttir og Helga María Pálsdóttir, sem ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 960. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 960. fundar stjórnar Sambandsins frá 13. desember 2024.

**2. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 48. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 16. janúar 2025.

**3. Staða kjaramála - 2406015SA**

Varaformaður samninganefndar sveitarfélaga og aðalhaffræðingur Sambandsins gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2025.

**4. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga og Sameykis vegna Strætó bs., dags. 16. og 17. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamninga við Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag lögfræðing og Sameykis vegna Strætó bs.*

Valur Rafn Halldórsson, Bjarni Ómar Haraldsson og Saga Guðmundsdóttir viku af fundi kl. 9:15.

**5. Tilnefning í siðanefnd Sambandsins - 2501021SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings, dags. 16. janúar 2025, um skipun fulltrúa í siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Stjórn samþykkir að tilnefna Maríu Káradóttur í siðanefnd Sambandsins í staðin fyrir Önnu Guðrúnu Björnsdóttur sem hefur beðist lausnar.*

6. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**  
Lögð fram fundargerðir 33. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. desember 2024.
7. **Veitur - sameiginleg þróun og rekstur - 2411014SA**  
Lögð fram drög að samkomulagi Sambandsins og Reykjavíkurborgar um sameiginlega þróun, hýsingu og rekstur á Veitu.  
*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi Sambandsins og Reykjavíkurborgar um sameiginlega þróun og rekstur Veitu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulaginu og skrifa undir fyrir hönd Sambandsins.*
8. **Reglur um stuðning til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar - 2009566SA**  
Reglur Sambands Íslenskra sveitarfélaga um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.  
*Stjórn samþykkir uppfærðar reglur um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.*
9. **Tillögur að breytingum á lögum um rammaáætlun og skýrsla starfshóps - 2501007SA**  
Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dag. 9. janúar 2025, um tillögur að breytingu á lögum um rammaáætlun. Einnig lög fram skýrsla starfshóps um endurskoðun rammaáætlunar sem skipaður var af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í janúar 2024.  
*Yfirlögfræðingi falið að semja umsögn í samræmi við umræður á fundinum.*
10. **Umsögn um Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsförvörnum - 2404001SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 13. janúar 2025, um Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsförvörnum, mál nr. S-241/2024.

Fundi var slitið kl. 10:00

# Fundargerð 962. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 22. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodorsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2406015SA

Ástráður Haraldsson, ríkissáttasemjari kom inn á fundinn undir þessum lið. Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaraviðræðna. Ríkissáttasemjari fór jafnframt yfir stöðuna frá sjónarhorni sáttasemjara.

Heiða Björg Hilmisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Einar Þorsteinsson og Margrét Sanders viku af fundi kl. 09:00. Jón Björn Hákonarson, varaformaður stjórnar, tók við stjórn fundarins í fjarveru formanns.

### 2. Málshöfðun vegna frestun verkfalla - 2501024SA

Lögð fram tillaga að bókun sem lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að lögð verði fram við fyrirtöku í héraðsdómsmáli nr. E-151/2025 þann 23. janúar nk.

*Stjórn samþykktir tillöguna samhljóða.*

Fundi var slitið kl. 09:15

# Fundargerð 963. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 31. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll og sat Kjartan Magnússon varafulltrúi hennar fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2406015SA

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað samninganefndar sveitarfélaga, dags. 24. janúar 2025. Einnig lögð fram innanhússtillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir og Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara, Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda í leikskólum og Skólastjórafélags Íslands, dags. 31. janúar 2025. Saga Guðmundsdóttir aðalhogfræðingur Sambandsins, Bjarni Ómar Haraldsson varaformaður samninganefndar Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar sátu fundinn undir þessum lið.

Saga Guðmundsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Kolbeinn Guðmundsson viku af fundi kl. 13:40.

### 2. Fundargerðir 961. og 962. fundar - 2410016SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 961. og 962. fundar stjórnar Sambandsins frá 17. og 22. janúar 2025.

### 3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - fundargerðir 2020-2025 - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 34. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 15. janúar 2025.

### 4. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 49. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 24. janúar 2025.

5. **Kjarasamningar - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Félags íslenskra náttúrufræðinga og Félags skipstjórnarmanna, dags. 23. desember 2024 og 24. janúar 2025, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamning við Félag íslenskra náttúrufræðinga og Félags skipstjórnarmanna.*
6. **Starfsáætlun Sambandsins 2025 - 2411023SA**

Lögð fram drög að starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Stjórnendur Sambandsins fara yfir helstu áhersluatriði ársins.

*Stjórn samþykkir starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025.*
7. **Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2501004SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

*Stjórn Sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda Sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*
8. **Ársreikningur Bakhjarls Sambandsins 2024 - 2501005SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

*Stjórn Sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda Sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*
9. **Fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambandsins 2025 - 2411025SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025.*
10. **Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2501029SA**

Lögð fram drög að ársskýrsla Sambandsins fyrir árið 2024.
11. **Fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni - 2402027SA**

Lagt fram til minnisblað stjórnýslusviðs Sambandsins, dags. 29. janúar 2025, um fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.
12. **Skipan fastanefnda Sambandsins - 2409016SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 29. janúar 2025, um endanlega skipan fastanefnda Sambandsins.

*Stjórn samþykkir tillögur að fulltrúum í fastanefndir Sambandsins.*

13. **Dagatal stjórnar - 2410016SA**  
Lagt fram að nýju dagatal stjórnar Sambandsins 2025 með áætlun um dagsetningu stjórnarfunda árinu og vorferðar stjórnar 27.-28. maí 2025.
14. **Tilnefning í starfshóp um mat og reynslu af gjaldfrjálsum skólamáltíðum - 2412008SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 17. janúar 2025, þar sem Ellen Tryggvadóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg, og Helgi Aðalsteinsson, rekstrarhagfræðingur á þróunarsviði Sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um mat og reynslu af gjaldfrjálsum skólamáltíðum.
15. **Endurtilnefning í verkefnisstjórn loftslagsmála - 2404011SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 24. janúar 2025, þar sem Finnur Ricart Andrason, sérfræðingur í umhverfismálum á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefndur sem varamaður í verkefnisstjórn loftslagsmála í stað Gyðu Einarsdóttur.
16. **Umsögn um Grænbók um stöðu ADHD mála á Íslandi - 2501030SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 27. janúar 2025, um Grænbók um stöðu ADHD-mála á Íslandi, mál nr. S-246/2024.
17. **Skýrsla til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2024 - 2201030SA**  
Lögð fram til kynningar skýrslan til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2024.
18. **Skýrsla um yngra fólk á hjúkrunarheimilum - 2405020SA**  
Lögð fram til kynningar skýrslan Yngra fólk á hjúkrunarheimilum, dags. í júní 2024.
19. **Staða í kjaraviðræðum - 2406015SA**  
Rætt um innanhússtillögu ríkissáttasemjara í kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir og Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara, Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda í leikskólum og Skólastjórafélags Íslands, dags. 31. janúar 2025. Inn á fundinn komu eftirfarandi framkvæmdastjórar sveitarfélaga eða fulltrúar þeirra Aldís Hafsteinsdóttir, Almar Guðmundsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Ásthildur Sturludóttir, Björg Ágústsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Björn Ingimarsson, Bragi Bjarnason, Bragi Þór Thoroddsen, Einar Freyr Elínarson, Einar Kristján Jónsson, Elliði Vignisson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Finnur Yngvi Kristinsson, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Gerður B. Sveinsdóttir, Guðrún P. Ólafsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Haraldur Benediktsson, Hulda Kristjánsdóttir, Íris Róbertsdóttir, Jakob Björgvin S. Jakobsson, Jón Páll Hreinsson, Jón Valgeirsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Kristinn Jónasson, Lilja B. Ágústsdóttir, Linda Björk Pálsdóttir, Magnús Stefánsson, Pétur Arason, Pétur Georg Markan,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Sigríður Júlfa Brynleifsdóttir, Sigurjón Andrésson, Sýlvía Karen Heimisdóttir, Unnur Valborg Hilmisdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Valdimar Víðisson, Valtýr Valtýsson, Þór Sigurgeirsson, Þorgeir Pálsson, Þórunn Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson og Halla Margrét Tryggvadóttir.

Að auki sátu þennan lið eftirfarandi starfsfólk Sambandsins: Saga Guðmundsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson. Allir aðilar nema stjórn og starfsfólk Sambandsins viku af fundi kl. 16:26.

*Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir vilja að fara í þá vegferð sem ríkissáttasemjari hefur lagt fram í kjaradeilu Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands, þrátt fyrir að tillagan feli í sér talsverðan kostnað. Stjórn telur mikilvægt að sýna samningsvilja, og eftir fund með framkvæmdastjórum sveitarfélaga, samþykkir stjórn að ganga frá kjarasamningnum við þessa mikilvægu stétt. Stjórnin er sammála þeirri aðferðarfræði sem kemur fram í tillögunni um þá vegferð sem lagt er upp með í tengslum við virðismat kennara og verkáætlun til 20 mánaða. Stjórn samþykkir því samhljóða að veita samninganefnd sveitarfélaga umboð til að ganga að innanhússtillögu ríkissáttasemjara.*

Fundi var slitið kl. 16:40

# Fundargerð 80. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 31. janúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Þórdís Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundir með ráðherrum - 2501005SO

Rætt um fyrirhugaða fundi með nýjum ráðherrum og lögð áhersla á að fá framkvæmdastjóra Sambandsins og lögfræðing með á fundina. Jafnframt lögð fram kynning sem samtökin notuðust við þegar þau funduðu með fjármála- og efnahagsráðherra 29. nóvember 2023.

*Formanni falið að ýta eftir því að fá fundi með ráðherrum en erindi var sent á ráðuneytin 30. janúar. Þegar fundartímar liggja fyrir mun stjórn ákveða í framhaldinu hverjir mæti fyrir hönd hennar og þau málefni sem verða rædd.*

### 2. Orkufundur 2025 - 2501004SO

Rætt um tímasetningu og áherslur Orkufundar 2025 sem samkvæmt samþykktum skal halda á hverju ári.

*Mikil umræða var um Orkufund 2025. Stjórn samþykkti að leggja upp með að halda Orkufund 2025 í vor og að áherslan verði á samskipti á milli ríki og sveitarfélaga í orkumálum. Einnig stefnt að því að halda fræðsluferð stjórnar á sama tíma.*

### 3. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Fjallað um umsögn um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og var formanni falið að ganga frá umsögninni og senda inn í samráðsgátt.

Formaður upplýsti um að búið væri að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra Samorku.

Var sérstaklega rætt um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um ógildingu virkjunarleyfis.

Stjórn SO hefur kynnt sér dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. janúar um ógildingu virkjunarleyfis og leyfis skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála. Stjórnin hvetur til þess að lagt verði fram lagafrumvarp eins fljótt og verða

má, sem hafi það að markmiði að ákvæði laga nr. 36/2011 verði færð til samræmis við almenna túlkun á rammatilskipun um stjórn vatnamála.

Fundi var slitið kl. 10:15



## Fundargerð

### 242. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 11. febrúar 2025 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson, Örn Friðriksson (í fjarfundabúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

##### a. Starfsleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2502056HS	Starfsleyfi nýr rekstraraðili	Terra umhverfisþjónusta hf.	900	11.02.2025
2502048HS	Starfsleyfi ný starfsemi - útiræktað grænmeti	Auðunn Árnason	806	07.02.2025
2502049HS	Starfsleyfi stækkun	Landeldi hf.	815	07.02.2025
2502032HS	Starfsleyfi endurnýjun	Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins - Vínbúðin Kirkjubæjarklaustri	880	06.02.2025
2502041HS	Starfsleyfi stækkun	Hótel Geirland - Adventure Hotels ehf.	880	06.02.2025
2502042HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Hrífunes Natur Park - Hrísnæs ehf	881	06.02.2025
2502028HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Ragnheiður Hallgrímsdóttir	846	05.02.2025
2502029HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Arekie ehf.veitingast.r Austurvegi 2D	800	05.02.2025
2502030HS	Starfsleyfi nýr rekstraraði	Árhús ehf. – gististaður og tjaldsvæði	850	05.02.2025
2502002HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Veisluþjónusta Suðurlands - ÁB veitingar ehf.	816	03.02.2025
2502004HS	Starfsleyfi nýr matvælavagn	Meals on Wheels ehf. - The Hot Pot	846	03.02.2025
2502005HS	Starfsleyfi ný starfsemi gisting í frístundahúsum	Hallshólmi ehf.	861	03.02.2025
2502006HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Umhverfis- og tæknisvið Uppsvei	840	03.02.2025
2502007HS	Starfsleyfi endurnýjun	HBTS ehf. - Hamborgarabúllan	800	03.02.2025
2502008HS	Starfsleyfi endurnýjun vegna stækkunar	Reykjabúið ehf - Lambhagi Ólfusi	816	03.02.2025
2502009HS	Starfsleyfi ný starfsemi efnistaka	Borgarverk ehf. - efnistaka E124 Langöldu	851	03.02.2025
2502010HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Þvottahúsið Hekla ehf.	850	03.02.2025
2502011HS	Starfsleyfi eigendaskipti, hestaleiga	Íslenski hesturinn ehf. - Sólhestar Reykjadalur	810	03.02.2025
2501114HS	Starfsleyfi tímabundið	Landsvirkjun v vatnsveitu og starfsmannbúða við Hvamm 3	851	28.01.2025
2501115HS	Starfsleyfi vísað til MAST	Lýsi hf. þökkun gæludýrafóðurs	815	28.01.2025
2501087HS	Starfsleyfi ný starfsemi -	Hólaborg ehf. - gististarfsemi	825	23.01.2025



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

2501088HS	Starfsleyfi ný starfsemi -	Kyrjun ehf. - gistileyfi í Svinhaga L6 A	810	23.01.2025
2501081HS	Starfsleyfi nýtt	Towers 101 ehf. – gisting Nátthaga	845	21.01.2025
2501074HS	Starfsleyfi ný umsókn - hefur sótt um áður	Útleiga húss - Mið-Dalur - LDL ehf.	861	20.01.2025
2501075HS	Starfsleyfi tímabundið	Fossvélar ehf. - vegna starfsmannabúða Hvammi 3, Rangárþingi ytra	851	20.01.2025
2501079HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Fótaaðgerð Ídu ehf.	800	20.01.2025
2501080HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Iceheaven ehf. - gisting	801	20.01.2025
2501067HS	Starfsleyfi ný deild Bungubrekku	Hveragerðisbær, Leikskólinn Óskaland	810	16.01.2025

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

### *Í auglýsingu:*

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Ef athugasemdir berast verður ákvörðun um útgáfu tekin á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

### **Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar:**

- Borgarverk ehf., kt. 5406740279 vegna efnistöku í Langöldu, 851 Rangárþingi ytra, sjá [hér](#).  
Frestur til að gera athugasemdir er til og með 4. mars 2025
- Þvottahúsið Hekla ehf., kt. 7012242050, vegna þvottahúss að Dynskálum 36, 850 Hellu, sjá slóð [hér](#).  
Frestur til að gera athugasemdir er til og með 4. mars 2025
- N18 ehf., kt. 521010-1180, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, vegna fráveitu að Norður-Fossi 1, 871 Vík, sjá slóð [hér](#).  
Frestur til að gera athugasemdir er til og með 13. febrúar 2025
- Vigg ehf., kt. 580122-0860, Skógsnesi 1, 803 Selfoss, vegna fráveitumannvirkis að Brúnum 1, 861 Hvolsvöllur, sjá slóð [hér](#).  
Frestur til að gera athugasemdir er til og með 13. febrúar 2025
- Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 4106932169, Víkurheiði 6, 800 Selfoss, vegna borunnar lághitaholu fyrir Veitur í landi Nefsholts 2 Land í Rangárþingi ytra, með gildistíma til 30. júní 2025, sjá slóð [hér](#).  
Frestur til að gera athugasemdir er til og með 13. febrúar 2025
- AfroViking Laundry House ehf., kt. 661124-1480, Langalda 24, 850 Hella, vegna þvottahúss – AfroViking Laundry House að Dynskálum 51, 850 Hella, sjá slóð [hér](#).  
Frestur til að gera athugasemdir er til og með 10. febrúar 2025



**b. Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi**

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Mótttekið
2501117HS	Skráning, endurnýjun	Grímur kokkur ehf	900	28.01.2025
2501085HS	Skráning, niðurrif - Olís Eyrarbakka	Olís Eyrarbakka	820	22.01.2025

Staðfesting afgreiðslu

**c. Afturköllun / höfnun / endurskoðun starfsleyfa**

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Mótttekið
2502031HS	Endurskoðun á starfsleyfi - breyting leyfis vegna jarðborana	Ræktunarsamband Flóa & Skeiða	801	06.02.2025
2502027HS	Endurskoðun á starfsleyfi - breyting leyfis vegna jarðborana	Árni ehf.	845	04.02.2025
2502025HS	Afturköllun starfsleyfis vegna jarðborana	Vatnsborun ehf - Árni Kópsson	200	04.02.2025
2502024HS	Afturköllun starfsleyfis vegna jarðborana	Jarðboranir hf.	201	04.02.2025
2502023HS	Afturköllun starfsleyfis, hætt starfsemi.	Ingibjörg Ósk Marinósdóttir - Naglaásetning	900	04.02.2025
2501078HS	Afturköllun starfsleyfis, hætt starfsemi.	Garðyrkjustöðin Engi - Peter Harmon Cole	806	20.01.2025

Staðfesting afgreiðslu. Ofanefnd starfsleyfi með gildistíma í 12 ár vegna jarðborana eru felld úr gildi í samræmi við lagalegt álit um starfsleyfi fyrir jarðboranir frá Umhverfisstofnun.

**d. Umsagnir til sýslumanna  
Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa**

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Mótttekið
2502050HS	Rekstrarleyfi gisting nýtt	Þóroddur ehf.	840	07.02.2025
2502043HS	Rekstrarleyfi gisting Sólheimum	Ragnheiður Hallgrímsdóttir	846	06.02.2025
2502019HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi gisting	Hof Villa ehf. - Hofstíg 17	851	04.02.2025
2502018HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi - gisting	Hallshólmi ehf.	861	04.02.2025
2502017HS	Rekstrarleyfi breyting á starfsemi	Hótel Geirland - Adventure Hotels ehf.	880	04.02.2025
2501107HS	Rekstrarleyfi gisting Hólaborg	Hólaborg ehf.	800	24.01.2025
2501102HS	Rekstrarleyfi - Traðarland gisting Landeyjum	Ríkharður Flemming Jensen - gisting Traðarlandi	861	23.01.2025
2501077HS	Rekstrarleyfi - gisting Nátthaga, Flúðum	Towers 101 ehf. - Nátthagi	845	20.01.2025
2501076HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi gisting Svínhaga L6 A	Kyrjun ehf. - gistileyfi í Svínhaga L6 A	810	20.01.2025
2501070HS	Rekstrarleyfi Miðbar	Gott kvöld ehf.	800	20.01.2025
2412068HS	Rekstrarleyfi gisting Svínhaga L7 A	Róma ehf.	851	09.12.2024
2412055HS	Rekstrarleyfi, veitingar	P67 ehf.	900	05.12.2024

Afgreiðsla staðfest



# Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

## e. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Mótttekið
2502022HS	Miðsvæði M2, fjölgun hámarksíbúða, nr. 01312025 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	04.02.2025
2502015HS	Laxabraut 5, fiskeldi, nr. 0126/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	03.02.2025
2502014HS	Sogn, nr. 01252025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	03.02.2025
2502013HS	Raufarhólshellir, stækkun byggingarreits, nr. 0121/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	03.02.2025
2502012HS	Surtsteigur, nr. 1525/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	03.02.2025
2501129HS	Minni-Ólafsvellir L166482, nr. 0101/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	31.01.2025
2501128HS	Markhóll L230917, skilgreining landspildu, íbúðarhús, 2 gestahús, skemma, nr. 01002025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	31.01.2025
2501127HS	Efra-Langholt land 2 L219044, tanningastöð, reiðskóli, gestahús, Fagurhólsbrekka, nr. 00992025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	31.01.2025
2501126HS	Sauðholt 2 L193421, Slot og Hof, nr. 0098/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	31.01.2025
2501073HS	Bólstaður, nr. 0074/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	20.01.2025
2501072HS	Emstrur, Mosar, nr. 0073/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	20.01.2025
2501071HS	Þórólfsfell, nr. 0072/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	20.01.2025
2501059HS	Iðnaðarsvæði, nr. 0036/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	14.01.2025
2501058HS	Deiliskipulagsbreyting Ás-og Grundarsvæðis vegna Hverahlíðar, nr. 00412025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Hveragerðisbæjar	810	14.01.2025
2501057HS	Oddspartur Loki, endurauglýsing dsk, nr. 00402025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	14.01.2025

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

### Umhverfismál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Mótttekið
2502021HS	Borun og prófun vinnsluholu á Laugarvatni, nr. 01332025 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	04.02.2025
2501119HS	Stækkun Búðanámu, nr. 104/2025 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	29.01.2025

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

### h) Rekstraryfirlit

Til kynningar



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

### 2. Úr eftirliti

#### a. Hópskýking á tveimur þorrablótum á Suðurlandi

Til kynningar á fundinum – fréttatilkynning birt á heimasíðu HSL í dag.

#### b. Ópus Studio Selfossi – SHSH ehf.

Starfsemi að Eyraavegi 38 hefur verið án starfsleyfis um nokkurn tíma þar sem húsnæðið hefur ekki fengið lokaúttekt. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

### 3. Aðsend erindi:

#### a. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Til kynningar og samþykktar

#### b. Fontana, Laugarvatni vegna breytinga á starfsemi

Til kynningar

### 4. Önnur mál

#### a) Endurskoðun fyrirkomulags eftirlitskerfis með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum

Til upplýsinga. Sjá slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3906>

#### b) Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála

Til upplýsinga. Sjá slóð á frumvarpið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3871>

Heilbrigðisnefnd Suðurlands lýsir furðu á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi ekki fengið boð um þátttöku í samráði um frumvarpið, sérstaklega í ljósi þess að starfsleyfisútgáfa fyrir virkjanir liggur hjá heilbrigðisnefndum í núgildandi lögum.

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Oddur Árnason

Örn Friðriksson

Sigrún Guðmundsdóttir

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 11.02.2025 16:52  
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Örn Friðriksson

Kennitala: 1201594379  
Tími: 11.02.2025 17:43  
Samþykkt

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Kennitala: 2702725849  
Tími: 11.02.2025 19:34  
Samþykkt

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Svanhvit Magnúsdóttir

Kennitala: 2708755729  
Tími: 11.02.2025 21:29  
Samþykkt

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Oddur Árnason

Kennitala: 0605655899  
Tími: 12.02.2025 7:06  
Samþykkt

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson

Kennitala: 0211535599  
Tími: 12.02.2025 21:44  
Samþykkt

Undirritað með OneSign



## 162. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

Stjórnarfundur haldinn í Fjölheimum 11.02.2025 kl. 16.30

Mættir: Hulda Kristjánsdóttir formaður, Halldóra S. Sveinsdóttir, Ester Ýr Jónsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Valdimar Hafsteinsson boðaði forföll.

### 1. Rekstraráætlun fyrir árið 2025. (Áður á dagskrá á boðuðum fundi 19.12.24 sem féll niður)

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun fyrir árið 2025 en til stóð að taka hana fyrir á fundi í desember sem féll niður. Það stefnir í að árið 2024 verði hallalaust og er það breyting frá fyrri árum. Stærsta breytingin er fækkun stöðugilda þar sem ekki hefur verið ráðið að fullu í þau stöðugildi sem hafa dottið út á undanfarið. Ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á launalið árið 2025. Stjórn fagnar jákvæðum horfum fyrir árið 2024 og þeim viðsnúningi sem náðst hefur í rekstri Fræðslunetsins.

### 2. Húsnæðismál

Farið var yfir húsnæðismál Fræðslunetsins. Nýlega var gerður nýr samningur við Sveitarfélagið Árborg til tveggja ára um núverandi húsnæði á Selfossi eða til ársloka 2026.

Gerð var markaðskönnun um framtíðarhúsnæði í lok árs 2024 en einungis eitt fyrirtæki skilaði inn tillögum. Haldinn var fundur 13. janúar þar sem fulltrúar þátttakenda verkefnisins áttu fulltrúa og farið yfir tillöguna. Ákveðið var að funda aftur með hópnum en á milli funda var ráðgjafa verkefnisins falið að vinna í nokkrum atriðum.

### 3. Starfsmannamál

Vegna uppsagnar starfsmanns liggur fyrir að ráða þarf nýjan starfsmann í 100% stöðu námsráðgjafa frá 1. maí. Þá samþykkir stjórn að ekki sé þörf á að ráða staðgengil framkvæmdastjóra að svo stöddu.

### 4. Sameiningarmál

Vegna erindis stjórnar Háskólafélags Suðurlands til stjórnar Fræðslunetsins dags. 30. maí 2023. Stjórn Fræðslunetsins samþykkir samhljóða að falla alfarið frá sameiningarhugleiðingum Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunetsins að svo stöddu vegna óvissu í starfsumhverfi þess.

### 5. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir helstu fréttir úr starfsemi Fræðslunetsins.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:30

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð

## Faghópsfundur – fjarfundur – 22.01.2025 – kl. 10:00

**Mættir:** Ragnhildur Sveinbjarnardóttir (MSS), Vala Hauksdóttir (MSS), Lína Björg Tryggvadóttir (Uppsveitir Árnessýslu), Sigmundur Jónsson (Rangárþing eystra), Ösp Víðarsdóttir (Rangárþing ytra), Sigríður Hjálmarsdóttir (Hveragerðisbær), Einar Kristján (Skaftárhreppur), Guðrún Agða (Sveitarfélagið Hornafjörður) og Árdís Erna Halldórsdóttir (MSS) sem ritar fundargerð.

### Dagskrá:

- Kortaútgáfa
- Áfangastaðir og vetrarþjónusta vegagerðarinnar við þá
- Mid-Atlantic
- “Hringurinn” og önnur mál

Kortaútgáfa: Rætt um kortin og er nóg til af öllu nema „Gullna hrings“ kortunum. Þau eru að verða búin. Aðilar sammála um að halda útgáfu þeirra áfram.

**Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar:** Ýmsar brotalamir eru á leiðum að áfangastöðum ferðamanna að vetri til, sem og að þjónustu- og gististöðum til sveita. Vala var búin að senda út póst á faghópsaðila og óska eftir nánari upplýsingum frá hverju svæði fyrir sig. Einar Kristján bendir á að þetta sé ekki alfarið á ábyrgð Vegagerðarinnar heldur komi sveitarfélögin einnig að mokstrinum. Vegagerðin sér um stofnvegi en það séu margir vegir innan svæðanna ekki stofnvegir.

Lína bendir jafnframt á að mikil brotalöm sé á þjónustu við stofnvegi landsins og þar megi Vegagerðin svo sannarlega bæta í. Það vantar bæði upp á mokstur og viðgerð á holóttum vegum.

Ítrekað að það væri gott að fá nánari upplýsingar frá hverju svæði fyrir sig.

**Norðurljós og öryggi vegfarenda:** Rangárvallarþing eystra og Ytra vinna nú sameiginlega að því að finna ákjósanleg svæði fyrir norðurljósaskoðun til að lágmarka að bílar stoppi í vegakanti á myrkrom svæðum til að njóta norðurljósanna. Þetta er áberandi víða á þjóðveginum á Suðurlandi og einnig í þrengslunum ofl. Sú hugmynd var rædd að vinna sameiginlega að því að kortleggja allt Suðurlandið m.t.t. norðurljósaskoðunar.

Fundarmenn eru margir sammála um að vegakerfið á Suðurlandi sé víða virkilega ábótavant. Og þá í verra standi en víðast hvar á landinu.

**Eignarhald og ábyrgð á ferðamannastöðum – væntanleg komugjöld:** SAF er að safna saman upplýsingum um eignarhald og umsjón á vinsælum ferðamannastöðum. Margir þeirra eru í eigu ríkisins en alls ekki allir. Markmiðið er að setja á laggirnar einhverskonar auðlinda- og/eða komugjöld.

Samkvæmt SAF er mikilvægt er að virkja samtalið um þetta við sveitarstjórnir og þingmenn kjördæmis, vekja máls á mikilvægi tímanleika í þessu og þegar verður farið í þetta þá skili þetta

sér til rannsókna, markaðssetningar, inn í ferðamálastofu, innviðaupbyggingu fyrir ferðaþjónustu og svo framvegis. Áhyggjur er af því að það verði sett fram í fjármálaáætlun í vor að það eigi að ná inn svo og svo miklum tekjum með auðlindagjöldum á ferðaþjónustu árið 2026 (engin útfærsla eða upphæð sem hver þarf að borga), svo verði þetta í einhverjum meðförum þingsins og í lagabálkum sem fylgja í haust, svo verði breytingar í des áður en fjárlög verða samþykkt og látið taka gildi 1.jan 2026. Fari svo mun allur kostnaður falla á íslenskar ferðaskrifstofur á næsta ári sem gæti orðið ansi þungur róður þegar um svona upphæðir verður að ræða. Þetta eru einugis vangaveltur að svo stöddu, en reynslan hefur sýnt að þessi atburðarrás gæti raungerst. Meginmálið er að ákvörðun um gjaldtökuna verði tekin með það góðum fyrirvara að gjaldið leggjist sannarlega á gestina sem koma hingað en ekki ferðaþjónustufyrirtækin.

Hér má einnig bæta við að gjaldtaka á ferðaþjónustuna fari í að efla heilbrigðisþjónustuna, en þar er heilmikið ábótavant eins og staðan er í dag.

**Mid-Atlantic:** Mið-Atlantic verður haldið í Laugardalshöllinni þann 31. Janúar nk. Það eru margir nýir aðilar í faghópnum svo Ragnhildur fer stuttlega yfir það fyrirkomulag sem Suðurlandið hefur viðhaft á ferðasýningum á við Mid-Atlantic og Vestnorden. Í stað þess að hvert og eitt sveitarfélag sé að bóka bás, sem er mjög kostnaðarsamt, þá hefur sú leið verið farin að Markaðsstofan bóki fjórfaldan bás og síðan er faghópsaðilum boðið að koma part úr degi f.h. svæðanna. Sigmundur, Ösp, Sigríður og Lína Björg tóku jákvætt í að mæta og mun MSS setja upp fundarskema fyrir daginn.

#### **Hvað er að fréttu:**

##### ***Sigríður Hjálmarsdóttir – Hveragerðisbær***

Fyrirhugað er að opna nýtt baðlón við Reykjadal nú í haust. Framkvæmdir eru komnar á fullt skrið.

Sigríður velti því líka yfir á hópinn hvernig staðið væri að bílastæðagjöldum hjá þeirra ferðamannastöðum. Það er allur gangur á því en margir eru með Parka. Umræða um hverju bílastæðagjöldin skila og það er allur gangur á því. Yfirleitt er ekki mikið eftir uppbyggingu og viðhald á svæðunum.

##### ***Lína Björg – Uppsveitirnar***

Mikil uppbygging á svæðinu og mikil umræða um nýja gististaði. Einnig er verið að kanna grundvöll fyrir fleiri baðlönnum á svæðinu. Aðilar á svæðinu finna fyrir aukningu á svæðinu, sérstaklega í baðlönunum þegar Bláa Lónið er lokað.

### **Ösp – Rangárþing Ytra**

Alltaf nóg að gera í ferðamálunum. Mikil áhersla á uppbyggingu á gistingu en það vantar jafnframt aðra þjónustu. Nýtt/gamalt 51 herbergja hótél að opna nú í janúar í bænum, gamla Hótél Hella. Eru að bíða eftir svörum frá Framkvæmdasjóði ferðamannstaða varðandi tvö styrkverkefni sem þau sóttu um. Gott hljóð í ferðapjónstuaðilum.

### **Sigmundur – Rangárþing eystra**

Byrjað að grafa fyrir nýju hóteli í bænum sem á að vera tilbúið nú í sumar.

Nýbúið að ráða nýjan umhverfis- og garðyrkjustjóra sem kemur til með að sjá um svæðin sem falla undir sveitarfélagið. Sigmundur mun svo taka boltann og sjá um að kynna svæðin. Hann og Ösp eru svo sameiginlega að vinna að því að taka saman upplýsingar um þjónustu á svæðinu.

### **Guðrún Agða – Sveitarfélagið Hornafjörður**

Bláa lónið vinnur að því að byggja hótél og baðlón við Hoffell. Þeir keyptu ferðapjónustuna í Hoffelli, en nýjar framkvæmdir eru enn á skipulagsstigi. Áætlað að opna nýja Krónubúð í lok þessa árs eða byrjun þess næsta. Einnig er áætlað að nýji hringvegurinn verði tilbúinn um svipað leyti. Ekki var sótt um nýja styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir núverandi úthlutun þar sem enn er unnið að framkvæmdum vegna stórra styrkja sem áður höfðu fengist. Má þar helst nefna vegna framkvæmda við gönguleiðina að Múlagljúfri. Umræða um hvort sveitarfélagið haldi utan um verkefnið eða hvort það færir yfir á landeigendur.

**Fundi slitið kl: 11:56**